



Reykjavík í september 2006

## Ágæti sjóðfélagi!

Fyrri árshelmingur 2006 einkenndist af hækkun erlendu verðbréfaeignar sjóðsins í ljósi gengis-lækkunar krónunnar en einnig vegna hækkandi hlutabréfaverðs í heiminum. Þessi þróun átti mestan þátt í að skila sjóðnum 10,5% nafnávöxtun á fyrri hluta ársins eða sem samsvarar 22,1% nafnávöxtun framreiknaðri til árs. Ólíklegt verður að telja að fjármunatekjur erlendu verðbréfanna verði jafn miklar á síðari helmingi ársins og hinum fyrri. Eignir sjóðsins hækkuðu um 26 milljarða og námu 217 milljörðum í lok júní sl. samanborið við 191 milljarð í upphafi árs.

## Meginþættir úr starfsemi á fyrri árshelmingi 2006

**Sjóðfélögum** fjölgaði um 5,0% á fyrstu 6 mánuðum ársins miðað við sama tímabil á fyrra ári og greiddu að meðaltali rúmlega 31 þúsund sjóðfélagar iðgjald til sjóðsins.

**Iðgjaldagreiðslur** námu 5.727 milljónum á fyrstu 6 mánuðum ársins sem er hækkun um 17,8% miðað við sama tímabil á fyrra ári.

**Séreignardeildin:** Eignir hækkuðu um 19% á fyrri árshelmingi eða úr 4,1 milljarði í 4,9 milljarða. Innborganir námu 341 milljón á fyrstu 6 mánuðum ársins samanborið við 252 milljónir á sama tímabili 2005 sem er 35,3% hækkun.

**Lífeyrisgreiðslur** námu 1.645 milljónum til 7.553 lífeyrisþega á fyrri árshelmingi og hefur lífeyrisþegum fjölgað um 4,3% frá miðju síðasta ári og heildarfjárhæð lífeyris hækkað um 14,4% miðað við sama tímabil á fyrra ári. Útgreiddur lífeyrir skiptist með eftirfarandi hætti: Ellilífeyrir 60%, örorkulífeyrir 27%, makalífeyrir 10% og barnalífeyrir 3%.

**Lánveitingar** til sjóðfélaga námu 3.370 milljónum á fyrstu 6 mánuðum ársins en 4.929 milljónum á sama tímabili 2005 sem er 32% lækkun milli ára.

**Ráðstöfunarfé til fjárfestinga** nam 25,6 milljörðum á fyrri árshelmingi, þar af voru 6,4 milljarðar vegna sölu innlendra hlutabréfa. Fjárfest var í innlendum verðbréfum sem nemur 76% af ráðstöfunarfé, þar af voru lánveitingar til sjóðfélaga 12%. Fjárfestingar í erlendum verðbréfum námu 24% af ráðstöfunarfé.

**Innlenda hlutabréfasafnið** lækkaði á fyrri helmingi ársins um 0,2%. Á sama tíma lækkaði Úrvalsvisitala Kauphallarinnar um 1,1%. Árleg raunávöxtun innlendu hlutabréfaeignarinnar er 19,2% yfir rúmlega 26 ára tímabil, þ.e. frá ársbyrjun 1980 til miðs árs 2006.

**Nafnávöxtun á fyrri árshelmingi** var 10,5% sem samsvarar 22,1% nafnávöxtun á heilu ári og veldur þar mestu afkoma erlendrar verðbréfaeignar sjóðsins.

**Verðbréfasafn sjóðsins** í lok júní s.l. skiptist í skuldabréf 42,4%, innlend hlutabréf 22,5% og erlend verðbréf 35,1%.

framhald á bakhlið

## LV aðili að reglum SP um ábyrgar fjárfestingar

Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna hefur ákveðið aðild sjóðsins að leiðbeinandi “Reglum um ábyrgar fjárfestingar” (Principles for Responsible Investment) sem unnar hafa verið að frumkvæði Sameinuðu þjóðanna. Þetta eru leiðbeiningar fyrir stofnanafjárfesta um heim allan þar sem þátttakendur undirgangast að taka tillit við fjárfestingar til umhverfislegra og félagslegra þátta tengdan rekstri fyrirtækja auk þess sem lögð er áhersla á góða stjórnarhætti fyrirtækja. Reglurnar voru samdar af liðlega þrjátíu leiðandi lífeyrissjóðum og eignavörslufyrirtækjum austan hafs og vestan í samstarfi við Sameinuðu þjóðirnar. Þegar hafa margir af stærstu lífeyrissjóðum vesturlanda undirgengist reglurnar.

Um aðild sjóðsins að reglum sagði forstjóri; “Við erum ánægð með að vera orðnir þátttakendur í alþjóðlegu samstarfi sem stofnað var til á vegum SP um bættu stjórnarhætti fyrirtækja. Í auknum mæli gera fjárfestar sér grein fyrir að við langtímaávöxtun eigna þarf að taka tilliti til umhverfislegra og félagslegra þátta við rekstur fyrirtækja auk þess sem góð stjórnun hefur þar þýðingarmiklu hlutverki að gegna. Með þátttöku í samstarfinu er stjórn lífeyrissjóðsins að lýsa því yfir að við fjárfestingar muni sjóðurinn líta til fyrrgreindra þátta eins og við verður komið”.

### Sjóðfélagavefur

Sjóðfélagar hafa um nokkurt skeið haft beinan aðgang að upplýsingum um lífeyrisréttindi sín á sjóðfélagavef á heimasíðu sjóðsins [www.live.is](http://www.live.is)

Efst á sjóðfélagayfirlitinu er **notandanafn og lykilorð** sem þú getur notað til að tengjast sjóðfélagavefnum og kynnt þér réttindi þín.

## Ársfundur 2006

Ársfundur sjóðsins var haldinn 3. apríl s.l. á Grand Hótel. Á fundinum flutti formaður sjóðsins skýrslu stjórnar um starfsemi á liðnu ári og forstjóri gerði grein fyrir ársreikningi fyrir árið 2005, tryggingafræðilegri athugun og fjárfestingastefnu sjóðsins fyrir árið 2006.

Nálgast má fundargerð ársfundar og ársskýrslu á heimasíðu sjóðsins [www.live.is](http://www.live.is)

### Sjóðfélagafundur 2006

Sjóðfélagafundur var haldinn 20. júní s.l. þar sem gerð var grein fyrir tillögu stjórnar til breytingar á samþykktum sjóðsins er varðar fjárfestingarheimildir samkvæmt lögum um lífeyrissjóði.

Nálgast má fundargerð sjóðfélagafundar á heimasíðu sjóðsins [www.live.is](http://www.live.is)

### Yfirlit yfir móttekin iðgjöld

Yfirlit eru send sjóðfélögum tvisvar á ári, í mars og september og sýnir þau iðgjöld sem borist hafa sjóðnum frá því síðasta yfirlit var sent. Einnig koma fram þau réttindi sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér.

Mikilvægt er að fylgjast með að iðgjöldin sem fram koma á yfirlitinu séu í samræmi við launaseðla, því verði vanskil á greiðslum iðgjalda í lífeyrissjóð geta dýrmæt lífeyrisréttindi glatast.

Ekki er óeðlilegt að greiðslur fyrir mánuðina maí og júní 2006 vanti á yfirlitið. Vanti frekari greiðslur eða hafir þú einhverjar athugasemdir, þá hafðu samband við viðkomandi fyrirtæki og/eða innheimtudeild sjóðsins hið allra fyrsta.

Með kveðju,

Porgeir Eyjólfsson forstjóri



LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Sími: 580 4000 | Myndsendir: 580 4099 | skrifstofa@live.is | [www.live.is](http://www.live.is)